

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Lagt er til að tekið verði upp reglubundið samráð skóla- og frístundaráðs við fulltrúa hagsmunasamtaka dagforeldra í Reykjavík, tónlistarskóla í Reykjavík, skólahljómsveita í Reykjavík og samtök sjálfstæðra skóla. Samráðið fari fram tvisvar á ári á ráðsfundum eða sérstökum fundum, þar sem málefni þessara hagsmunaaðila verði tekin til umfjöllunar.

Greinargerð:

Mikilvægt er fyrir Reykjavíkurborg að eiga í reglubundnu samráði við helstu hagsmunaaðila á sviði skóla og frístunda í Reykjavík. Þegar er mikið og formgert samstarf við skólastjóra og kennara í grunnskólum borgarinnar, leikskólastjóra og starfsmenn borgarrekinnna leikskóla, framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, ungmennaráð og foreldra í Reykjavík. Dagforeldrar, tónlistarskólar, skólahljómsveitir og sjálfstætt reknir skólar eru einnig mikilvægir aðilar skóla- og frístundastarfs. Reykjavíkurborg hefur gert samninga við dagforeldra, tónlistarskóla og sjálfstætt rekna skóla, sem þarf að fylgja eftir og þróa. Til að viðhalda góðum samskiptum við alla helstu hagsmunaaðila á sviði skóla og frístunda í Reykjavík er lagt til að tvisvar á ári, að vori og hausti, muni skóla- og frístundaráð ræða við fulltrúa dagforeldra, tónlistarskóla, skólahljómsveita og sjálfstæðra skóla um sameiginleg markmið og framgang samnings við viðkomandi aðila. Samráðið verði annað tveggja hluti af dagskrá reglulegra funda skóla – og frístundaráðs eða á sérstökum fundum þar sem málefni viðkomandi hagsmunaaðila verði til umfjöllunar.